

Til varnar hagfræðinni

Á hagfræðin að skýra kulnun sólar, finna lækningu við krabbameini og skýra uppruna alheimsins?

Pórólfur Matthíasson, prófessor við Hagfræðideild Háskóla Íslands.

Það er orðið nokkuð vinsælt tómstundagaman hjá álitsgjöfum og bloggurum hérlandis og erlendis að láta niðrandi ummæli falla um hagfræði og hagfræðinga. Ekki er ástæða, hvorki fyrir fræðigreinina né iðkendur hennar að amast við gagnrýni sé markmið hennar að stuðla að endurbótum og uppbyggingu. Sleggjudómar, órökstuddar fullyrðingar og samsærisbrígl eru hins vegar ekki til uppbyggingar fallin.

Hin opinbera umfjöllun um hagfræði ber með sér að álitsgjafar og bloggarar hafi ólíkar hugmyndir um hvað hagfræði sé. Það er þess vegna rétt að byrja á að skilgreina viðfangsefnið. Orðabókarskilgreiningin er sú að hagfræði sé fræðigrein sem fjallar um framleiðslu, dreifingu og neyslu vöru og þjónustu. Markmið greinarinnar er að skilja á hvaða grundvelli einstaklingar skiptast á vörum og þjónustu. Til að ná markmiðum sínum stunda iðkendur greinarinnar víðtæka söfnun gagna og upplýsinga. Þetta má kalla hina lýsandi hlið hagfræðinnar. Til að skilja þessi gögn og setja þessar upplýsingar í samhengi setja iðkendurnir fram kenningar um atferli og markmið einstaklinga og hópa einstaklinga. Á grundvelli kenninganna eru síðan settar fram tilgátur sem reynt er að styðja eða fella. Skylda vísindamannsins er leggja að minnsta kosti jafn mikið á sig til að fella tilgátu, sem hann hefur sett fram, eins og til að styðja hana. Að þessu leyti eru kröfur til iðkenda í fræðistörfum með öðrum hætti en kröfur til stjórnmálamanna, bloggara eða álitsgjafa.

Niðurstöður og hin mörgu kenningakerfi hagfræðinnar eru notuð í stjórnsýslu, pólitík og atvinnulífi. Iðkendur hagfræði, sem jafnframt eru í pólitík, taka kröfuna um að þeir skuli leggja jafn mikið á sig til að fella tilgátu eins og að styðja hana misalvarlega. Sumir hampa tilgátum hagfræðinga, sem falla að þeirra eigin sjónarmiðum eða stefumarkmiðum hvort heldur þessar tilgátur eru staðfestar eða þeim hafi verið hnekk, og þegja um tilgátur sem falla síður að þeirra eigin sjónarmiðum. Við þessu geta hagfræðingar lítið annað gert en að halda áfram að safna gögnum og setja fram tilgátur og reyna að fella þær eða staðfesta.

Hagfræðingar vinna með tilgátur sem ekki hafa verið afsannaðar. Á grundvelli þessara tilgátna hafa verið sett fram stór og mikil kenningakerfi. Í lok 19. aldar og í byrjun þeirrar 20. var miklu þúðri eytt í að kanna eiginleika hagkerfis sem byggt væri ein-

staklingum sem leitast við að hámarka sælu sína (á ensku er talað um *utility maximizers*). Gengið er út frá því að sumir þessara sæluhámarkandi einstaklinga eigi fyrirtæki sem leitast við að hámarka hagnað sinn. Þetta er flókið viðfangsefni og til að ná áttum komu fræðimenn sér saman um einfaldandi forsendur. Menn komu sér saman um að í þessu hagkerfi skyldi ekki vera óvissa, að öll gæði skyldu vera einkagæði (sem útilokar almannagæði á borð við réttarkerfi), að efnahagsleg samskipti tveggja einstaklinga hefðu hugsanlega áhrif á verð í hagkerfinu en hefði ekki önnur efnisleg áhrif á þriðja aðila (sem útilokar mengun), að neysla hvers neytanda og framleiðsla hvers framleiðanda sé lítil í samanburði við framboð og eftirspurn á markaðnum fyrir viðkomandi vöru (sem útilokar einkasölu og einkakaup), að allir markaðsaðilar hafi fulla yfirsýn yfir allt verð og önnur atriði sem máli skipta fyrir verðmyndun á markaðnum (það útilokar t.d. að seljandi notaðs bíls geti leynt göllum). Eftir tugi ára lá fyrir óræk sönnun þess að hagkerfi af þessum toga gæti virkað. Sannanirnar eru oft kenndar við Kenneth Arrow og Gérard Debreu. Sá síðarnefndi fékk Nóbelsverðlaun fyrir afrek sín á þessu sviði. Arrow fékk Nóbelsverðlaun fyrir að kanna forsendurnar frekar.

Hvers konar leiðbeiningar getur niðurstaða Arrows og Debreu veitt þeim sem vilja móta regluverk fyrir hagkerfið og þeim sem vilja spá fyrir um hagþróun? Ef forsendurnar, sem taldar eru upp hér að ofan eru skoðaðar, er svarið: Hér er ekki mikið um leiðbeiningar! Raunveruleikinn er morandi af almannagæðum, mengun, óvissu, stórfyrirtækjum og seljendum sem leyna göllum á vörum sem þeir bjóða. Stundum er hægt að horfa fram hjá þessum þáttum þegar tiltekin hagræn ferli eru til skoðunar. En oftast lenda þeir á villigötum sem leggjast í greiningarvinnu án þess að taka tillit til þessara truflandi þátta. Hafa ber í huga að tilgangur þeirra Arrows og Debreu var ekki sá að svara spurningum um allt milli himins og jarðar. Enda hefur Arrow varið drjúgum hluta starfsævi sinnar í að kanna hvað gerist sé einhverjum af forsendunum breytt. Ein af frægustu niðurstöðum hans á því sviði tilgreinir að ekki sé hægt, á grundvelli almennra forsendna um nýjahámörkun, að búa til reiknireglu sem hægt væri að nota til að reikna út heppilegustu úrlausn samfélagslegra úrlausnarefna. Með öðrum orðum þá komst Arrow að því að í hagkerfi þar sem boðið er upp á almannagæði og þar sem mengun er vandamál og þar sem sum fyrirtæki eru stór þá þurfi að velja milli margra mögulegra lausna samfélagslegra vandamála án þess að hægt sé að fullyrða að ein lausn sé öllum öðrum betri.

Sumir stjórnmálamenn og sumir notendur hagfræðinnar í fjármála- og efnahagslífi hafa staldrað við hina upphaflegu niðurstöðu Arrows og Debreu, strikað yfir forsendurnar og dregið þá ályktun að sé hagkerfið látið í friði komist á hið besta ástand allra ástanda. Kaushik Basu (Basu, 2010) talar um markaðshyggju (*market fundamentalism*) og kennisetninguna um ósýnilegu höndina í þessu sambandi.

Það er engum blöðum um það að fletta að stjórnendur fjármálafyrirtækja hafa líklega persónulegan hag af að sem fæstar reglur takmarki umsvif fyrirtækjanna, að ekki séu reistar skorður við nýtingu innherjaupplýsinga, að ekki séu settar skorður við umfangi bónussamninga, að ekki séu settar skorður við lánveitingu til kaupa á eigin hlutafé o.s.frv. Hvort þessi hugsanlegi persónulegi ávinningur af litlu regluverki á fjármálamörkuðum hafi mótað fjármögnun rannsóknarverkefna og haft áhrif á hvaða

fræðimönnum hefur verið hampað skal ósagt látið. En staðreynd er samt sú að of fáir hafa kannað áhrif regluleysis á stöðugleika fjármálakerfisins og niðurstöðum þeirra, sem það hafa gert, hefur ekki verið gert nægjanlega hátt undir höfði í umfjöllun sem beint er að notendum hagfræðilegra niðurstaðna.

Það má ekki ganga of langt í kröfum gagnvart hagfræðilegum niðurstöðum. Hagfræðin er ekki grein sem ætlað er að gefa fullnægjandi svör við öllum spurningum. Það er meira að segja svo að í sumum tilvikum er ómögulegt að gefa rétt svar! Þetta á sérstaklega við þegar reynt er að spá fyrir um óorðna hluti. Vandinn er tvíþættur. Í fyrsta lagi getur spáin sjálf haft áhrif á framvinduna og annaðhvort unnið með eða gegn því að spáin rætist. Tökum dæmi um hið síðarnefnda. Setjum sem svo að hagfræðingur hjá hagsveiflurannsóknastofnun rannsaki þróun hlutabréfaverðs næstu misserin og hafi komist að raun um það að hlutabréfaverð á Wall Street muni ná hæstum hæðum 24. nóvember 2012 og falli hratt eftir það. Setjum nú sem svo að markaðsaðilar taki þennan spádóm alvarlega. Flestir þeirra, sem ættu hlutabréf, myndu reyna að selja bréf sín fyrir 24/11. Verð hlutabréfa myndi vissulega lækka, en lækkunin kæmi fram löngu fyrir forspáðan tíma! En gæti þá ekki spámaðurinn bara tekið þessi viðbrögð inn í útreikninga sína? Ætti hann ekki að segja að fallið kæmi fyrir, t.d. 24/10? Jú, en þá hæfist sami leikurinn og á endanum yrði hann þvingaður til að segja að hlutabréfaverð muni falla á morgun! En það er tæpast ásættanlegt fyrir hagfræðing sem ætlar að segja eitthvað um atburði a.m.k. þrjá mánuði fram í tímann. Þetta dæmi sýnir að hagfræðingar geta ekki spáð fyrir um topp eða botn verðsveiflu á verðbréfa-mörkuðum, því hver vill sitja uppi með eign sem er verðmæt nú en verður fyrirsjáanlega verðlítill innan tíðar? Það er auðveldara fyrir hagfræðinga að taka áhrif spárinnar á þróun hins spáða á vöru og þjónustumörkuðum, en einfalt er það ekki. Vissulega eru til dæmi um vel heppnaða spádóma um upphaf kreppu eða þróun hlutabréfaverðs. Ástæðan er sú að þegar margir gefa út spádóma hlýtur einhver hinna mörgu spámanna að hafa rétt fyrir sér. En það að viðkomandi hafi haft rétt fyrir sér er aðeins dæmi um að viðkomandi hafi haft heppnina með sér í spádómalottóinu. Að hann hafi fengið 5 rétta einu sinni þýðir ekki að hann hafi heppnina með sér næst þegar dregið er í því lottói. Annar þáttur sem snýr að vandanum við spár snýr að því að spár um þróun hagstærða er bundin forsendum af tegundinni „allt annað óbreytt“, eða *ceteris paribus* upp á latínu. Íslenskir hagfræðingar, sem ekki voru innmúraðir og innvígðir í bönkum, vissu ekki í upphafi árs 2008 að eiginfé stóru bankanna þriggja, sem þá voru í starfsemi, væri að stórum hluta skáldskapur. Hefðu þeir vitað það hefðu vangaveltur þeirra um efnahagsþróunina á árinu 2008 orðið aðrar en þær urðu. Það að íslensku bankarnir urðu uppiskroppa með gjaldeyri í upphafi október 2008 réðst að miklu leyti af falli Lehman brothers bankans nokkrum dögum fyrr. Hefði LB ekki fallið þá hefði atburðarás íslenska hrunsins orðið önnur en við nú sjáum og þekkjum þó fullyrða megi út frá fyrirliggjandi gögnum að stór hluti íslenska bankakerfisins hefði hrunið engu að síður. Hagfræðingar eru óþreytandi við að endurtaka, í hvert skipti sem lögð er fram þjóðhagsspá, eða spá um þróun gengis eða aðrar spár, að um sé að ræða sviðsmynd sem byggir á ákveðnum forsendum, sé forsendunum breytt breytist sviðs-myndin. Það þarf því ekki að vera neitt við fræðikenninguna að sakast þó spá gangi

ekki eftir. Það er heldur ekki staðfesting á réttmæti fræðikenningarinnar rætist spá sem á henni er byggð. Í báðum tilvikum þarf að skoða hvort forsendur, sem gerðar voru beint og óbeint, hafi staðist. Nú má spyrja: Fyrst það er svona vandasamt að spá er þá ekki best að láta af öllum tilburðum í þá átt? Kannski. En þá má líka spyrja hvort nokkur ástæða sé til að stunda önnur fræði en sagnfræði. Einstaklingar, félög, fyrirtæki og stjórnvöld þurfa á hverjum degi að taka fjöldann allan af ákvörðunum. Það er eðlilegur þáttur í ákvarðanatökuferlinu að velta fyrir sér afleiðingunum sé ákvörðun með einum hætti fremur en öðrum. Eins og rakið var hér að framan getur hagfræðin aðeins gefið skilyrt svar við spurningum sem að henni snúa. En ákvörðun, sem byggð er á skilyrtum svörum við lykilsurningum, er að jafnaði betri en ákvörðun sem tekin er án þess að nokkurra spurninga sé spurt.

Nú má spyrja: Ber hagfræðin sem fræðigrein ábyrgð á því ef niðurstöður hennar eru nýttar án þess að með viðhlítandi hætti hafi verið gerð grein fyrir þeim forsendum sem niðurstöðurnar hvíla á? Svarið við þessu er bæði já og nei. Hagfræðin er í sömu sporum og læknisfræðin hvað þetta varðar. Læknar vita að lithimnulestur er ekki tæki til að ákvarða hvort sjúklingur sé fótbrotinn. Á sama tíma birtast niðurstöður í virtum læknatímamótum þess efnis að lengd fingra karlmanna geti sagt fyrir um í hversu mikilli áhættu þeir séu varðandi blöðruhálskrabbamein. Önnur tilgátan (fingralengdartilgátan) byggir á lífeðlisfræðilegu líkani þó langsótt kunni að vera, hin tilgátan (tengsl lithimnu og fótbrots) styðst ekki við neitt slíkt líkan. Líkanið og ályktunina sem á því er byggð er hægt að útskýra, en það er tímafrekt og kostar fé. Hvort tveggja er af skorum skammti bæði í læknisfræði og í hagfræði. En sé vel að verki staðið ætti hagfræðin að geta verið nýtsöm fræðigrein líkt og læknisfræðin geri menn sér grein fyrir takmörkunum hennar.

Heimildir

Basu, K. (2010). *Beyond the Invisible Hand: Groundwork for a New Economics*. New York: Princeton University Press.